

Til þess er málið varðar

Kæru aðstandendur nýrrar reglugerðar um Kvikmyndasjóð,

Við viljum þakka ykkur kærlega fyrir vönduð og góð vinnubrögð. Til að svara kalli ykkar leggjum við jafnframt fram eftirfarandi athugasemdir fyrir hönd breiðs hóps fagfólks sem starfar að kvikmyndagerð á alþjóðavettvangi á forsendum myndlistar.

Hugtakið sem notað er um þessar mundir yfir það sem við gerum er á ensku 'Artist-Moving-Image' og við höfum leyft okkur okkur að þýða sem 'Kvik-Mynd-List'. Á það við um úfærslur í ýmis konar kvika-miðla með margskonar tækni þar sem skalinn er breiður og á meðan sum verkefni eru gerð fyrir áhorf í kvikmyndasölum og sjónvarpi líkt og hefðbundnar kvikmyndir eru önnur verkefni gerð fyrir áhorf í söfnum og sýningarrýmum og enn önnur fyrir annars konar sýningartækni og skjái. Á meðan sum verkefni eru einrása eru önnur gerð til að spila á mörgum skjám og tjöldum samtímis. Mörg stærstu verkefni á þessu sviði undanfarin ár hafa verið gerð bæði fyrir hefðbundið línulegt áhorf í kvikmyndasölum/sjónvarpi og sem margrása/skjáa verk fyrir listasöfn. Það hefur bæði verið gert af listrænum ástæðum og til að ná til fleiri áhorfenda en einnig til að falla að skilyrðum ólíkra fjármögnunaraðila í kvikmyndagerð og myndlist. Það sem skiptir máli eru að verkefni eru unnin á forsendum myndlistar og metin innan samhengi myndlistar.

Sum okkar sem skrifum undir höfum, í nafni óformlegs lausmótaðs hóps¹, sem við höfum nefnt Samtök Kvikmyndalistafólks, reynt á undanförunum árum að vekja athygli þeirra aðila sem hafa áhrifa- og ákvarðanavald í málefnum Kvikmyndasjóðs og lagt fram tillögu að stofnun tilraunasjóðs innan vébanda Kvikmyndasjóðs sem hefur breiðari skilning á fyrirbærinu 'tilraunakvikmynd' en nýmælin við reglugerðina gera ráð fyrir. Miða athugasemdir okkar hér við að ítreka enn og aftur sjónarmið okkar varðandi styrkveitingar til tilraunaverkefna. Við höfum helst lagt til að horft verði til erlendra sjóða á borð við Kvikmyndasjóðinn í Berlín þar sem gert hefur verið ráð fyrir að styrkja tilraunaverkefni á forsendum myndlistar með góðri raun. Sjóðurinn hefur styrkt mörg vinsæl verkefni undanfarin ár eins og til dæmis Manifesto eftir myndlistarmanninn Julian Rosefeldt sem sýnt var sem margrása/skjáa kvikmyndainnsetning m.a. á Hamburger Bahnhof listasafninu í Berlín og fleiri söfnum áður en 90 mínútna útgáfa var frumsýnd á Sundance kvikmyndahátíðinni. Mikið áhorf á þessa kvikmynd var ekki síst vegna mikils fjölda áhorfenda sem sáu myndina á listasöfnum þar sem hún var spiluð í marga mánuði undir troðfullu húsi allan daginn, alla daga. Margir aðrir kvikmyndasjóðir Evrópu er með sambærilega tilraunasjóði, m.a. Frakkland, Holland, Pólland.

ATHUGASEMDIR VIÐ NÝMÆLI REGLUGERÐAR

1. TILRAUNAKVIKMYND SEM ÆVISTARF

Athugasemd okkar varðandi nýmæli reglugerðar, sem eru undir greinilegum áhrifum frá hinum margrómaða fyrstu-kvikmyndar-sjóði danska kvikmyndasjóðsins New Danish Screen stofnuðum árið 2003, er að nýmælin verði uppfærð þannig að þau geri ráð fyrir að

¹ Ekki skráður lögaðili og því án kennitölu sem hægt er að nota í athugasemdakerfinu hér.

tilraunaverkefni séu ekki einungis fyrsta verkefni leikstjóra heldur séu fagaðilar á borð við myndlistarfólk sem, vegna viðmiða um gæði í fagi sínu, geri tilraunaverkefni allan sinn feril. Dæmi um íslenska myndlist á þessu sviði eru verk Steinu Vasulku en óhætt er að segja að Steina Vasulka sé einn áhrifamesti íslenski listamaðurinn fyrr og síðar þar sem hún hafði afgerandi áhrif á þróun miðilsins bæði hvað varðar 'avant-garde' og óbeint á meginstraum hans.

2. SÖFN, RÝMI OG MYNDLISTARHÁTÍÐIR SÝNINGARSTAÐUR/VETTVANGUR

Einnig bendum við á að það hafa ekki einungis orðið örar tækniframfarir og nýjir miðlar komið fram heldur hafa orðið breytingar á viðhorfi til þess hvað teljist til almenningsrýmis og viðeigandi rýmis til sýninga á kvikmyndum styrktum með opinberu fé kvikmyndasjóða. Erlendis hafa verið tekin skref í þá átt að ekki einungis sé hægt að sækja um með það í huga að sýna í sjónvarpi, kvikmyndahúsum, kvikmyndahátíðum eða á ýmsum skjámiðlum heldur hafa söfn og aðrir rýmis-sýningarstaðir, listahátíðir og myndlistartvíæringar einnig verið taldir mikilvægur vettvangur fræðslu, skemmtunar, þekkingaröflunar og fagurfræðilegrar upplifunar almennings og hliðstæð kvikmyndasölum og sjónvarpi hvað það varðar. Þar hefur mikil aukning á fjölda áhorfenda á þessum stöðum spilað stóran þátt en í mörgum tilfellum sjá mun fleiri áhorfendur kvikmyndlist í dag á til dæmis söfnum en litlum listrænum kvikmyndahúsum eða kvikmyndahátíðum. Bendum við á að það myndi vera við hæfi að gera ekki einungis ráð fyrir nýjum miðlum og fjölmiðlaveitum heldur mikið frekar breikka enn frekar út skilgreiningu á viðeigandi sýningarstöðum í takt við nýja tíma.

3. VIÐMIÐ GÆÐA OG VELGENNI Í MYNDLIST ÖNNUR EN Í KVIKMYNDALIST

Jafnframt viljum við benda á að til þess að hægt sé að meta gæði umsóknar sem er fyrir verkefni á forsendum myndlistar þyrfti ráðgjafi með sérfræðikunnáttu á sviði Kvik-Mynd-Listar að koma að mati umsóknar. Það eru aðilar með fræðilega og/eða verklega menntun og langa starfsreynslu á svið kvikmyndagerðar í myndlistarsamhengi. Faglegir innviðir myndlistarfagsins á Íslandi hafa stórbatnað undanfarin ár og stór skref hafa verið og er verið að taka um þessar mundir. Það eru til og eru að verða til stofnanir þekkingar sem hafa umboð og væru viðeigandi aðilar til að standa að tilnefningu slíks aðila/ráðgjafa. Vonumst við til þess að skerpt verði á því í reglugerð um málsmeðferð umsókna og aðkomu ráðgjafa í því samhengi.

4. MIKILVÆG REYNSLA OG ÞEKKING INNAN KVIKMYNDASJÓÐS

Ástæða þess að við gerum þessar athugasemdir við nýmæli í reglugerðum kvikmyndasjóð og höfum lagt fram tillögu um að tilraunasjóður verði stofnaður innan vébanda hans er að reynslan hefur sýnt okkur að innan kvikmyndasjóðs sé verðmæt, ekki bara fræðileg heldur praktísk, raunsæ reynsla og skilningur á veruleika kvikmyndagerðar sem fags, þ.m.t. raunsæjar kostnaðarhugmyndir sem og hugmyndir um flækjustig og margbreytilega fagþekkingu sem þarf að koma að hverju verki. Raunsætt augnaráð er það sem við teljum þurfa til að styðja gerð Kvik-Mynd-Listar sem er á pari við slíka slíka list á alþjóðavettvangi og þannig nýta sprotann sem fyrir hendi er í myndlistarfólkinu sjálfu. Ef skoðaðir eru styrkir úr Myndlistarsjóði eru stærstu styrkirnir mjög fáir og ekki veittir í gerð Kvik-Mynd-Listar. The Icelandic Love Corporation / Gjörningaklúbburinn: Eirún Sigurðardóttir & Jóni Jónsdóttir fengu árið 2021 stærsta styrk sem veittur hefur verið eða 1.000.000,- í framleiðslustyrk og Ósk Vilhjálmsdóttir fékk 700.000,- framleiðslustyrk. Sæmundur Þór Helgason fékk úthlutað 500.000,- í undirbúningsstyrk í ár. Árið 2020 fékk Bjargey Ólafsdóttir úthlutað 100.000,- í undirbúning. Á árinu 2019 fékk engin styrk fyrir gerð Kvik-Mynd-Listar og segir það sögu um það sem á undan var gengið. Myndlistarsjóður virðist aðallega styrkja uppsetningu sýninga og útgáfu, aðallega ritverka, um list/listamenn en ekki oft taka þátt í framleiðslu verka umfram það sem tengist sýningarhaldi beint. Myndlistarsjóður og Kvikmyndasjóður geta því ekki talist sambærilegir

eða speglun á hvor öðrum með sama tilgang í sitthvoru fagi

4. SITJUM Á GULLI

Athugasemdirnar hér að ofan eru lagðar fram í samhengi þess að það er á sviði Kvik-Mynd-Listar sem íslenskir myndlistarmenn hafa lagt fram stærstan skref til listasögunnar sbr. það sem sagt var hér að ofan um framlag Steinu Vasulka. Annar mælanleiki er tölfræði samtímalistamarkaðarins en þar trónir myndlistarmaðurinn Ragnar Kjartansson efst í flokki jafningja en hann hefur lagt töluverða áherslu á gerð Kvik-Mynd-Listar. Ef tölfræði samtímalistamarkaðarins er skoðuð nánar sést að í toppsætum íslenskra myndlistarmanna eru margir sem eru að fást við Kvik-Mynd-Listina (sbr. www.artfacts.net). Þessi árangur er án innlends fjárstuðnings á sviðinu þannig að sprotamöguleikarnir með dálitlum stuðningi eru gífurlegir. Þegar úthlutunartölur [Myndlistarsjóðs](#) eru skoðaðar í samhengi við tugmiljóna tölur [Kvikmyndasjóðs](#) er ljóst að ekki þarf mikið af fjármagni Kvikmyndasjóðs til að velta af stað stórbreytingum á aðstæðum Kvik-Mynd-Listamanna.

Sá vítahringur greiða-kerfisins sem einkennir gerð Kvik-Mynd-Listar á Íslandi í dag gerir það að verkum að fjöldi hæfileikaríkra og vel menntaðra detta út þegar fólk hættir að vera umkringgt kornungu fólki sem hefur rými til að gefa vinnu sína. Það verður eftir á meðan kollegar á öðrum listsviðum fara að sjá árangur vinnu sinnar og velgengni. Að lokum má minna á að hér er ekki einungis um hagsmuni Kvik-Mynd-Listamanna að ræða heldur munu áhrif þess að veita tiltölulega litlum upphæðum í þennan flokk hafa þau áhrif að fagmenn eins og tókumenn, sminkur, leikarar, litgreinarar o.s.frv. þurfi ekki lengur að gefa vinnu sína í svona verkefni heldur muni fá borgað.

Og við höfum ekki byrjað að tala um margföldunaráhrif mótframlags-fjármagns erlendis frá....

Með virðingu og vinsemd,

Anna Líndal
Arnbjörg María Danielsen
Ásdís Sif Gunnarsdóttir
Áslaug Íris Friðjónsdóttir
Ásta Fanney Sigurðardóttir
Berglind Jóna Hlynisdóttir
Birta Guðjónsdóttir
Bryndís Björnsdóttir
Bryndís Snæbjörnsdóttir
Bryndís Hrönn Ragnarsdóttir
Dagrún Aðalsteinsdóttir
Daníel Perez Eðvarsson
Edda Kristín Sigurjónsdóttir
Eirún Sigurðardóttir
Elsa Dóróthea Gísladóttir
Guðný Guðmundsdóttir
Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir
Gunnþís Ýr Finnbogadóttir
Gunnhildur Hauksdóttir
Gústav Geir Bollason
Hanna Styrmissdóttir
Helena Jónsdóttir
Helga Óskarsdóttir
Hildur Bjarnadóttir
Hildur Ása Henrysdóttir
Hildur Elísa Jónsdóttir
Hulda Rós Guðnadóttir
Hrafnhildur Gissurardóttir

Hrund Atladóttir
Jóhanna María Einarsdóttir
Jóni Jónsdóttir
Katrín Elvarsdóttir
Klængur Gunnarsson
Kristín Mjöll Bjarnadóttir Johnsen
Libia Castro
Margrét Áskelsdóttir
María Dalberg
Maríanna Eva Dúfa Sævarsdóttir
Melanie Ubaldo
Nína Höskuldsdóttir
Nína Kristín Guðmundsdóttir
Ólafur Ólafsson
Ólafur Sveinn Gíslason
Páll Haukur Björnsson
Ragnar Kjartansson
Ragnheiður Gestsdóttir
Rúnar Örn Marinósson
Selma Hreggviðsdóttir
Sigrún Hrólfisdóttir
Sigrún Gyða Sveinsdóttir
Sigurður Guðjónsson
Sunna Ástþórsdóttir
Sæmundur Þór Helgason
Wiola Ujazdowska
Þorbjörg Jónsdóttir
Þóranna Björnsdóttir